



Reykjavíkurborg

mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Reykjavík, 27. október 2020

R19010390

100

ep

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Tillaga um stofnun starfshóps um lýðræðispáttöku og samráð við borgarbúa

Lagt er til að mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð samþykki stofnun starfshóps um lýðræðispáttöku og samráð við borgarbúa, til þess að fylgja eftir tillögum um lýðræðisgáttir, sbr. samþykkt mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs 27. febrúar og borgarráðs 26. mars 2020.

Starfshópurinn hefði það hlutverk að starfa þvert á borgarkerfið í málefnum tengdum lýðræðispáttöku og samráði við borgarbúa með það fyrir sjónum að liðka fyrir framkvæmd breytinga og uppfærslu á umgjörð um lýðræðisverkefni og samráð á vegum Reykjavíkurborgar. Meðfylgjandi eru drög að erindisbréfi.

Virðingarfyllst

Anna Kristinsdóttir
mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar

Hjálagt:

Erindisbréf
Tillögur um lýðræðisgáttir

ERINDISBRÉF

Starfshópur um lýðræðisþátttöku og samráð við borgarbúa

Ábyrgðarmaður:

Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri.

Hlutverk starfshóps:

Starfshópurinn hefur það hlutverk að starfa þvert á borgarkerfið í málefnum tengdum lýðræðisþátttöku og samráði við borgarbúa með það fyrir sjónum að liðka fyrir framkvæmd breytinga og uppfærslu á umgjörð um lýðræðisverkefni og samráð á vegum Reykjavíkurborgar.

Starfshópurinn samræmi aðkomu mismunandi stjórnsýslueininga að eftirfylgd tillagna um lýðræðisgáttir Reykjavíkurborgar sem samþykktar voru í mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði 27. febrúar 2020 og skapi samfellu um breytingarnar með einföldun viðmóts gagnvart notendum og betra samráði að leiðarljósi í takt við markmið tillagnanna.

Helstu verkefni:

- Að skapa heildræna hugbúnaðarlausn vegna samráðs og þátttöku íbúa.
- Að móta ferla til framtíðar í kringum nýju hugbúnaðarlausnina og stjórnsýslulegt utanumhald um lýðræðisverkefni sem ávörpuð eru í skýrslunni sem tillögurnar grundvölluðust á.
- Að uppfæra þjónustu- og framkvæmdarferil Hverfisins míns í takt við nýja tímalínu með bætt samráð og betri þjónustu við íbúann að leiðarljósi auk þess að endurskoða verkefnið Hverfið mitt þannig að viðhalds- og öryggisverkefni verði ekki lengur hluti af því og að þeim sé vísað í annan farveg, s.s. ábendingavefinn og/eða til íbúaráðanna.
- Að móta til framtíðar eignarhald á hugbúnaðarlausninni fyrir Hverfið mitt þannig að það sé vel afmarkað og tryggt að það sé á hendi Reykjavíkurborgar.

Starfshópin skipa:

Tveir fulltrúar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

Tveir fulltrúar þjónustu- og nýsköpunarsviðs.

Tveir fulltrúar umhverfis- og skipulagssviðs.

Starfsmenn:

Starfsmaður mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Við vinnuna leiti starfshópurinn ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstímabil:

Viðvarandi.

Reykjavík,

Samþykkt í mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði þann 29. október 2020